

Nd.

453. Frumvarp til laga

[167. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

a. Orðin „með orlofsmerkjum“ í 3., 5. og 6. mgr. 4. gr. laganna falli niður.

b. Á eftir 6. mgr. 4. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hver sá, sem á rétt til orlofs og ekki er í föstu starfi, getur krafizt þess að fá orlofsfé sitt greitt í orlofsmerkjum.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin hlutast til um, að pósthjórnin gefi út orlofsmerki og orlofsbækur.

Orlofsmerki skulu vera til sölu og orlofsbækur til afhendingar í öllum póstaafgreiðslum.

Merkin skulu seld vinnuveitendum á nafnverði og starfsmönnum afhentar ókeypis orlofsbækur.

Í bækurnar skal starfsmaður rita nafn sitt, stétt og heimili, um leið og bókin er afhent og í viðurvist þess, er afhendir honum bókina. Hver bók skal aðeins gilda fyrir eitt orlofsár, og skal það tilgreint fremst í bókinni, og má aðeins festa í þær orlofsmerki fyrir vinnu á því orlofsári.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um gerð orlofsmerkja og orlofsbóka svo og önnur atriði varðandi framkvæmd þessara laga, er þurfa þykir.

Allur kostnaður við orlofsmerki og orlofsbækur greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna falli niður.

4. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma, er vinnuveitandi ákveður samkvæmt 10. gr., skal hann sanna forföll sín með vottorði sjúkrasamlagslæknis síns, ef hann er í sjúkrasamlagi, en annars héraðslæknis. Getur starfsmaður þá krafizt orlofs og greiðslu orlofsfjár á öðrum tímum en ákveðið er í 9. gr., en þó ekki síðar en svo, að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof fyrir þann tíma, á hann rétt á að fá greitt orlofsfé sitt, ef hann sannar veikindaforföll sín á sama hátt og að ofan greinir.

5. gr.

12. gr. laganna falli niður.

6. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Þegar starfsmaður, sem fengið hefur orlofsfé sitt greitt með orlofsmerkjum, hyggst fara í orlof, snýr hann sér til einhverrar póstafréttis og fær þar greidda í peningum samanlagða upphæð orlofsmerkja, sem fest eru í orlofsbók hans, gegn afhendingu bókarinnar með áritaðri kvittun fyrir móttöku fjárens.

7. gr.

14. og 17. gr. laganna falli niður.

8. gr.

Orðin „og 17. gr.“ í 3. tölul. 18. gr. laganna falli niður.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um greiðslu orlofsmerkja, sem ekki hafa verið endurgreidd orlofsþega, þegar lög þessi öðlast gildi, skal fara eftir sömu reglum og gilt hafa til þessa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frv. þessu felst sú ein breyting á nágildandi lögum um orlof, að mönnum er í sjálfsveld sett, hvort þeir taka orlofsfé sitt í orlofsmerkjum eða peningum.

Ákvæði orlofslaganna frá 1943 um notkun merkja og orlofsbóka munu hafa verið sett til þess að tryggja það, að orlof og orlofsfé væri notað í þeim tilgangi einum, sem þeim var með lögunum ætlað, og til þess að koma í veg fyrir, að launþegi fengi orlofsfé sitt greitt, nema tryggt væri, að hann notaði það til þess að veita sér árlega hvíld frá störfum.

Reynslan hefur sýnt, að þessi ákvæði laganna hafa verið sniðgengin í vaxandi mæli, þannig að orlofsfé hefur verið greitt í peningum samtímis launagreiðslum, og er það að sjálfsgöðu gert með samþykki beggja, atvinnurekenda og verkamanna. Erfitt hefur reynzt að sporna við þessari þróun, enda mundi það kosta mjög umfangsmikið eftirlitskerfi, ef tryggja ætti fullkomlega, að farið væri eftir þessum reglum. Vitað er þó, að ýmsir starfsmenn kjósa fremur að fá orlofsfé sitt greitt í orlofsmerkjum, og þykir því ekki rétt að afnema með öllu greiðslu orlofsfjár með orlofsmerkjum.

Þá má og benda á það, að kostnaður ríkissjóðs við framkvæmd orlofslaganna er allmikill. Á s. l. ári var þessi kostnaður sem hér segir:

Prentkostnaður orlofsbóka, orlofsmerkja og eyðublaða	kr. 36 117.50
Greitt fyrir afhendingu orlofsbóka, 14910 stk. á 0/40	— 5 964.00
Greitt fyrir sölu orlofsmerkja, 1% af kr. 20 801 966.00	— 208 019.66
Greitt fyrir útborgun orlofsfjár, 2%	— 355 378.81
Annar kostnaður (burðargj., umsjón o. fl.)	— 18 000.00

Samtals kr. 623 479.97

Í tillögum félagsmálaráðuneytisins til fjárlaga fyrir árið 1959 er þessi kostnaður áætlaður kr. 650 000.00.

Af framanritaðri sundurliðun á kostnaði við framkvæmd orlofslaganna má sjá, að hann stafar allur af ákvæðum þeirra um orlofsmerki og orlofsbækur.

Þar eð líklegt má telja, að tiltölulega fáir starfsmenn kjósi fremur að fá orlofsfé sitt greitt í orlofsmerkjum en peningum, má ætla, að þessi breyting á orlofslögunum spari ríkissjóði veruleg útgjöld til starfsemi, sem kemur að mjög takmörkuðum notum, eins og ljóst er af framansögðu.

Þarfnast frumvarp þetta vart frekari skýringa.